# Þriðjudagur 19. september



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Múmíndalurinn.** (Mumindalen). Finnskur teiknimyndaflokkur gerður eftir sögu Tove Janson. Þýðandi Kristín Mantyla. Sögumaður Helga Jónsdóttir. (Nordvision – finnska sjónvarpið).
18.15 **Kalli kanína.** (Kalle kanins øventyr). Finnskur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson. Sögumaður Elfa Björk Ellertsdóttir. (Nordvision – finnska sjónvarpið).
18.20 **Ferðir Róberts frænda.** (Uncle Rupert). Bresk barnamynd um póstinn Róbert frænda sem lætur sig dreyma um fjarlæg lönd. Þýðandi og þulur Ingi Karl Jóhannesson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur.** (Black Beauty). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Barði Hamar.** (Sledgehammer). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Pétur og úlfurinn.** Frá fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Flutt verður verkið Pétur og úlfurinn eftir eftir Sergei Prokoffief. Stjórnandi Petri Sakari. Sögumaður Þórhallur Sigurðsson.
21.00 **Nick Knatterton.** – Seinni hluti.
21.15 **Eyðing.** (Wipe Out). – Lokaþáttur. Breskur spennumyndaflokkur í fimm þáttum. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
22.05 **Stefnan til styrjaldar.** (The Road to War). – Þriðji þáttur – Japan. Breskur heimildamyndaflokkur í átta þáttum um heimsstyrjöldina síðari og aðdraganda hennar. Þýðandi og þulur Gylfi Pálsson.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.25 **Hertogaynjan og bragðarefurinn.** The Duchess and the Dirtwater. Ósvikinn vestri með gamansömu ívafi þar sem Goldie Hawn fer með hlutverk dansara í næturklúbbi sem vill feta sig upp metorðastigann en hefur orðið lítið ágengt í þeim efnum. Aðalhlutverk: George Segal, Goldie Hawn, Conrad Janis og Thayer David. Bönnuð börnum.
17.05 **Santa Barbara.**
17.55 **Elsku Hobo.** Hobo lendir í ótrúlegum ævintýrum.
18.20 **Veröld – Sagan í sjónvarpi.** The World – A Television History. Afríka fyrir daga Evrópumanna 100–1500. Stórbrotin þáttaröð sem byggist á Times Atlas mannkynssögunni (The Times Atlas of World History). Í þáttunum er rakin saga veraldar allt frá upphafi mannkynsins. Í þessum þætti verður fjallað um Afríku áður en Evrópubúar héldu innreið sína (árin 100–1500 e.Kr.)
18.50 **Klemens og Klementína.** Tilvalin barna- og unglingamynd sem segir frá Millerfjölskyldunni og aðalpersónunum tveimur, Klemens og Klementínu, sem eru gæsir. Börn Millerfjölskyldunnar fylgjast með gæsunum frá því að þær koma úr eggjunum og þar til þær verða fullvaxta.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður, ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Visa-sport.** Blandaður þáttur með svipmyndum frá víðri veröld. Umsjón: Heimir Karlsson.
21.30 **Undir regnboganum.** Chasing Rainbows. Ný kanadísk þáttaröð sem gerist frá lokum heimsstyrjaldarinnar fyrri til kreppuára þriðja áratugarins. Aðalhetjur myndarinnar eru tvær ungar stríðshetjur, ungur, metnaðarfullur braskari og óróaseggur af aðalsættum en þeir etja kappi um að ná ástum vafasamrar glæsipíu. Aðalhlutverk: Paul Gross, Michael Riley, Julie A. Stewart og Booth Savage.
23.15 **Kúba í dag.** Castros Cuba. Í þessum þætti verður fjallað um valdatíma Castros og hvaða afleiðingar seta hans í forsetastól hefur á umheiminn í dag, rúmum þrjátíu árum síðar.
23.45 **Múmían.** The Mummy.
1.20 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Örn Bárður Jónsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randveri Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (16). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Alexanderstækni. Umsjón: Sverrir Guðjónsson.
13.35 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir byrjar lestur þýðingar sinnar.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Troels Bendtsen verslunarmann sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Með múrskeið að vopni.** Fylgst með fornleifauppgrefti í Viðey á Kollafirði. Umsjón Steinunn Harðardóttir. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Fjallað um ævi og verk Mozarts. Umsjón Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Mozart og Haydn.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (16). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Ljóðasöngur.**
21.00 **Alanon-samtökin.** Umsjón Álfhildur Hallgrímsdóttir. (Endurtekinn úr þáttaröðinni Í dagsins önn frá 31. f.m.)
21.30 **Útvarpssagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (15).
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar:** Aldrei að víkja, framhaldsleikrit eftir Andrés Indriðason. Fyrsti þáttur af fjórum. Leikstjóri Brynja Benediktsdóttir. Leikendur: Þröstur Leó Gunnarsson, Grétar Skúlason, María Ellingsen, Sigrún Waage, Halldór Björnsson, Hákon Waage, Gunnar Rafn Guðmundsson, Þórdís Arnljótsdóttir, Guðrún Marínósdóttir og Róbert Arnfinnsson. (Einnig útvarpað í Útvarpi unga fólksins á fimmtudag kl. 20.30 á rás 2.)
23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslensk samtímatónverk.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Auður Haralds talar frá Róm. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Oddný Eir Ævarsdóttir.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**
01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Ljúflingslög.** Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur.
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10.)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Gömlu lögin, sem þú varst búin að gleyma, heyrirðu hjá Valdísi.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Hér er allt á sínum stað, óskalögin og afmæliskveðjur allan daginn.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Þægileg og ókynnt tónlist í klukkustund.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Strákurinn er kominn í stuttbuxur og er í stöðugu sambandi við **íþróttadeildina** þegar við á.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

**9.00 Gunnlaugur Helgason.** Léttleiki og ný tónlist, leikir, hádegisverðarpottur **Stjörnunnar og Hard Rock,** Bibba á sínum stað og margt fleira. Um að gera að fylgjast með. **Stjörnuskot kl. 9, 11 og 13. Fréttir kl. 12 og 14.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lögin við vinnuna. Stjörnuskáldið valið kl. 16.30. Eftir sex-fréttir geta hlustendur talað út um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er **68-19-00. Fréttir kl. 16 og 18. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Kristófer Helgason.** Maður unga fólksins með ný lög úr öllum áttum. Óskalög er hægt að hringja inn í gegnum **681900.**
20.00 **Gunnlaugur Helgason.** Bandaríski, breski og evrópski vinsældalistarnir kynntir.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MH.**
18.00 **FB.**
20.00 **IR.**
22.00 **MS.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## Rót Útvarp FM 106,8

**Íslensk tónlistarvika á Útvarp Rót.** Öll tónlist sem flutt verður í dag verður eftir íslensk tónskáld eða með íslenskum flytjendum.
9.00 **Tónsprotinn.** Leikin tónlist eftir íslensk tónskáld og með íslenskum hljóðfæraleikurum, kórum og einsöngvurum. Umsjón: Soffía Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason.
10.30 **Í þá gömlu góðu daga. Íslenskar dægurlagaperslur fyrri ára leiknar og rætt við tónlistarmenn. Umsjón: Soffía Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason.**
**12.00** **Tónafljót:** Leikin blönduð íslensk tónlist.
13.00 **Klakapopp.** Dægurlagatónlist síðari ára leikin og spjallað við tónlistarmenn. Umsjón: Steinar Viktorsson og Kristín Sævarsdóttir.
17.00 **Samtök græningja.**
17.30 **Mormónar.**
18.00 **Tilraun.** Sara, Kata og Sara leika af fingrum fram á grammófón.
19.00 **Yfir höfuð.** Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
20.00 **Það erum við!** Kalli og Kalli.
21.00 **Heitt kakó.** Árni Kristinsson.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.** (Hvað með það?) Björn Steinberg Kristinsson.

## 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00–7 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Veröld Frank Boughs.** Fræðslumyndaflokkur.
19.00 **Suicide's Wife.** Kvikmynd.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **Go Toward the Light.**
15.00 **The Marvellous Land of Oz.**
17.00 **Captain Yankee and the Jungle Raiders.**
19.00 **Promised Land.**
21.00 **Year of the Dragon.**
23.25 **Unholy Rollers.**
01.00 **The Hitchhiker.**
01.30 **Certain Fury.**
03.00 **Year of the Dragon.**

## EUROSPORT

9.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
10.00 **Tennis.** Áskorendakeppni í Múnich.
11.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
12.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
13.00 **Masters Showjumping** Keppni í Calgary.
14.00 **Knattspyrna.**
15.00 **Mótorhjólakappakstur.** Grand Prix keppni í Brasilíu.
16.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
17.00 **Sund.** Keppni í Frakklandi.
18.00 **Masters Showjumping** Keppni í Calgary.
19.00 **Golf.** The Lancome Trophy sem fram fer í París.
20.00 **Golf.** Nú líður að Ryder Cup keppninni milli Evrópu og Bandaríkjanna. Litið á keppnina 1987.
21.00 **Knattspyrna.** Leikir í Írlandi.
22.00 **Lyftingar.** Heimsmeistarakeppnin í Aþenu.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
14.30 **On the Air.** Tónlist.
16.30 **The Rock of Europe.** Tónlist.
17.30 **The Lloyd Bridges Show.**
18.00 **Íþróttir.** Snóker og körfubolti.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Íþróttir.** Körfubolti.
21.00 **Poppþáttur.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Söngflokkurinn Þrjú á palli, Halldór, Edda og Troels, flutti mikið af írskum þjóðlögum.**

### Rás 1 kl. 14.05:

# Eftirlætislögin í írskri viku

Gestur í þættinum Eftirlætislög verður hinn góðkunni Troels Bendtsen sem einkum er þekktur fyrir þátttöku sína í Savannatríóinu og söngflokknum Þremur á palli. Ekki er að efa að Troels hefur sitthvað fróðlegt að segja um tónlist frænda okkar Íranna í tilefni af írsku vikunni hjá Ríkisútvarpinu því söngflokkarnir tveir, Savannatríóið og Þrjú á palli, byggðu efnisskrá sína að talsverðu leyti á írskum þjóðlögum.

Stjórnandi þáttarins er Svanhildur Jakobsdóttir og hefur hann verið á dagskrá frá febrúarbyrjun á þessu ári.

Þátturinn er alltaf endurtekinn aðfaranótt sunnudags Í næturútvarpinu.

-JJ

### Rás 1 kl. 13.35:

# Myndir af Fidelmann

## – ný miðdegissaga

„Myndir af Fidelmann" segir frá ameríska gyðingnum Arthur Fidelmann sem er heldur misheppnaður listamaður. Sagan hefst þegar hann kemur til Rómar í þeim tilgangi að skrifa ritgerð um ítalska miðaldamálarann Giotto. Ýmislegt fer öðruvísi en ætlað er og segir sagan frá lífi Fidelmanns á Ítalíu og atvikum sem hann henda þar, bæði broslegum, grátlegum og grátbroslegum.

Höfundurinn, Bernard Malamud, er fæddur árið 1914 í Brooklyn í New York. Hann er amerískur gyðingur og flestar bóka hans fjalla um gyðinga. Malamud lauk námi við Columbia-háskólann í New York árið 1942 en hans fyrsta bók, „The Natural", kom út árið 1952. Sú saga var kvikmynduð árið 1984 og var Robert Redford í aðalhlutverki. Aðrar helstu bækur hans eru „The Assistant" og „The Fixer" en fyrir síðarnefndu bókina fékk hann Pulitzer-verðlaunin auk margra annarra. Sú bók var einnig kvikmynduð en þá voru í aðalhlutverkum Alan Bates og Dirk Bogarde.

-JJ



**Sagan í sjónvarpi segir sögu mannkyns frá upphafi veraldar.**

### Stöð 2 kl. 18.20:

# Veröld

## – sagan í sjónvarpi

Þáttaröð þessi er byggð á Times Atlas-mannkynssögunni og segir sögu veraldar allt frá upphafi mannkyns. Í þessum þætti verður sagt frá Afríku áður en Evrópubúar héldu innreið sína á árabilinu 100–1500 e.kr. Mörg merk menningarsamfélög og ríki risu og féllu í Afríku, allt frá Egyptalandi og Axum í norðaustri til Malí og Benin í vestri. Af þeim þjóðum sem þróuðust í jaðri Sahara-eyðimerkurinnar ber mest á Egyptum og er menningararfur þeirra þekktastur. Hægfara útbreiðsla Bantu-ættflokksins út fyrir heimalandið, Kamerún í Mið-Afríku, hafði sín áhrif og samfara útbreiðslunni breyttust lifnaðarhættirnir.

-JJ